

Kennsluáætlun

Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

Kennsluáætlun



Námsgrein: Textílmennt

Bekkur/hópur: 8.-10. bekkur

Kennari: Kristín Karólína Bjarnadóttir

Tímabil: 2024-2025

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið við lok 10. bekkjar aðalnámskrár eru lögð til grundvallar

Handverk, aðferðir og tækni

- * beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða,
- * rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði,
- * unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf.

Sköpun, hönnun og útfærsla

- * beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu,
- * skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt,
- * lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök,
- * nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði.

Menning og umhverfi

- * útskýrt tjáningarmáta og tákni textíla og tísku út frá mismunandi stíl, áferð og efniskennd, í tengslum við sérkenni íslenskrar textílvinnu, handverks, textílsögu og menningararfs,
- * fjallað um helstu tákni og merkingar vefjarefna,
- * sagt frá textíliðnaði og starfsgreinum tengdum fatagerð og textílhönnun,
- * sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd.

Námsmat

Metið er út frá þeim forsendum að nemandi geti sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í textíl og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa á sjálfstæðan hátt verk byggð á eigin hugmyndum, útskýrt og rökstutt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt markvisst orðaforða og hugtökum í textíl. Gert grein fyrir fjölbreyttu hlutverki textíl í menningar- og atvinnulífi samfélagsins

Stuðst er við leiðsagnarmat sem felst í reglulegri og uppbyggilegri endurgjöf og fer aðallega fram í samtölum nemanda og kennara. Kennari leiðbeinir nemanda á meðan á námi hans stendur. Með leiðsagnarmati gefur kennari nemendanum upplýsingar um það sem hann getur nýtt sér til þess að bæta nám sitt jafnóðum. Það miðast við hvern einstakling og hans þarfir.

Verkefni

Nemendur fá að velja sér verkefni til þess að vinna. Geta valið um prjón, hekl, útsaum eða vinna í saumavél. Það þarf að fara eftir uppskrift og læra að fara eftir leiðbeiningum. Þjálfast í að vinna sjálfstætt og ganga vel um.